

# Græna línan

## VISTVÆN GÖTUMYND KIRKJUBRAUTAR Á AKRANESI

### Sagan

Græna línan er heiti á nýrri vistvænni götumynd á 400 metra kafla Kirkjubrautar á Akranesi. Græna línan er hlutgerð í hönnun götunnar og er nýr reiðhjólastígur málaður grænn á litinn sem tákn um vistvænar samgöngur og lýðheilsu.

Gatan er hluti af miðbæ Akranesbæjar og má þar finna verslun og þjónustu af ýmsum toga í bland við íbúðabyggð. Aðaleinkenni Kirkjubrautar frá Merkigerði að Stillholti er breiðgatan sem ber margvísleg merki skipulagssjónarmiða í gegnum tíðina. Kirkjubraut átti að vera burðarás umferðar um bæinn en í dag er gatan fjórar akreinar sem getur leitt til hraðaaksturs og slysahættu.

„HVETJA TIL ÚTIVISTAR OG HREYFINGU
*STUÐLA AÐ FÉLAGSLEGUM SAMSKIPTUM*
TAKMARKA STREITUVALDA OG SLYSAHÆTTU
GÓÐAR GÖNGU OG HJÓLREIÐATENGINGAR"

### Lýðheilsa

Kirkjubraut er mikil tengigata á Akranesi en í næsta nágreni er grunnskóli og menntaskóli og á gatnamótum við Merkigerði stendur Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Gatan er einnig leið inn að miðbæjartorginu Akratorgi og um hana fer fjöldi bíla og annarra vegfarenda á hverjum degi. Góðar göngu - og hjólreiðatengingar eru því ekki síður mikilvægar og umferðargatan sjálf. Mikilvægt er að gatan bjóði uppá lifandi og lífvænlegt umhverfi fyrir vegfarendur allan sólarhringinn, allan ársins hring. Kirkjubraut þarf að vera örugg gata sem hefur að geyma fallega götumynd til að vegfarendur sæki í og njóti þess að vera á svæðinu.

### Úrbætur

**ÖRUGG UMFERÐ OG GÓÐAR TENGINGAR FYRIR HJÓLANDI OG GANGANDI**
NÝBYGGINGAR SEM FYLLA UPP Í TÓM GÖTURÝMI
SKÝR OG SKJÓLGÓÐ TORG
*Samfell götumynd frá miðbæ*
***GÖTUGÖGN LÝST UPP FYRIR NOTKUN OG ÖRYGGI ALLAN SÓLARHRINGINN***
BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR STUÐLA AÐ GRÆNNA UMHVERFI OG VISTVÆNNI GÖTU
**AÐLAÐANDI FRAMHLIÐAR LÓÐA OG BYGGINGA**
**GRÆNNA UMHVERFI SEM HVETUR TIL ÚTIVISTAR ALLAN ÁRSINS HRING**
***BEKKIR MEÐ REGLULEGU MILLIBILI FYRIR FÓLK TIL AÐ STALDRA VIÐ***

GÖTUGÖGN OG LEIÐIR LÝSTAR UPP TIL AÐ SKAPA ÖRUGGA OG LIFANDI GÖTU



GRÆNT UMHVERFI TIL NOTKUNAR ALLT ÁRIÐ UM KRING



NÝ GÖTUMYND KIRKJUBRAUTAR



FALLEG OG GRÆN GÖTUMYND, OFANVATNSLAUSNIR OG LIFANDI TORG






UMHVERFI, SKIPULAG OG LÝÐHEILSA
ANNA KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS